

77 Jafnframt var hinn 6. júní undirritaður til bráðabirgða greiðslusamningur
29. nóv. milli Íslands og Austurríkis. Endanlega undirskrift hans fór einnig fram hinn
22. september 1952 í Vínarborg.

Samningurinn gildir í eitt ár frá undirskriftardegi, en fellur úr gildi, ef greiðslu-
bandalag Evrópu hættir starfsemi sinni á tímabilinu.

Hvor samningsaðila getur sagt honum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 29. nóvember 1952.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

78
2. des.

AUGLÝSING

um beztukjara samning við Ástralíu.

Hinn 13. nóvember 1952 var með erindaskiptum milli sendiherra Íslands í London, Agnars Kl. Jónssonar, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Sir Thomas White, stjórnarfulltrúa Ástralíu í London, fyrir hönd ríkisstjórnar Ástralíu, gerður svo hljóðandi beztukjara samningur milli ríkjanna:

1. Afurðir eða framleiðsluvörur Íslands skulu við innflutning til Ástralíu ekki sæta lakari kjörum en veitt eru hliðstæðum afurðum og framleiðsluvörum þeirra erlendra ríkja, sem njóta beztu kjara.

2. Afurðir eða framleiðsluvörur Ástralíu skulu við innflutning til Íslands ekki sæta lakari kjörum en veitt eru hliðstæðum afurðum og framleiðsluvörum þeirra erlendra ríkja, sem njóta beztu kjara.

3. Samkomulag er um, að ekkert ákvæði þessa samnings veiti Íslandi rétt til þess að njóta góðs af kjörum, forgangsrétti eða sérréttindum, sem á hverjum tíma kunna að gilda eingöngu milli tveggja eða fleiri ríkja, sem talin er í fylgiskjali „A“ með Almenna samningnum um tolla og verzlun.

4. Samningur þessi gildir í eitt ár frá 17. nóvember 1952. Ef hvorug ríkisstjórnin hefur tilkynnt hinni þremur mánuðum áður en sá tími er liðinn þá ákvörðun sína að segja samningnum upp, skal hann gilda áfram, unz þrjú mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er önnur hvor ríkisstjórnin tilkynnir hinni ákvörðun sína um að segja samningnum upp.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 2. desember 1952.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.